

Akureyrarkaupstaður
Skipulagsstjóri

Akureyri 8. mars 2019

Efni: Beiðni um framlengingu á fresti til þess að hefja framkvæmdir á lóðinni við Hafnarstræti 80

Norðurbrú ehf. hefur samkvæmt nágildandi samkomulagi frest til 15. mars næstkomandi til þess að hefja framkvæmdir á lóð sinni við Hafnarstræti 80. Eins og rakið var í bréfi til skipulagsstjóra 14. september s.l. hafa framkvæmdir á lóðinni tafist verulega frá því sem áætlað var vegna ýmissa ástæðna. Í niðurlagi þess bréfs er rakin ástæða þess að verkefnið hafði þá stöðvast. Þar kom m.a. fram að eftir að samningar við öflugan leigutaka höfðu komist á fékkst ekki fjármögnun á verkefnið, vegna þeirrar stöðu sem upp var komin í ferðaþjónustunni og tengdist fyrst og fremst stöðu flugfélagana.

Eins og staðan er í dag – og er öllum ljós af fjölmiðlaumfjöllun - hefur enn ekki dregið úr óvissu innan ferðaþjónustunar þar sem flugfélögin eiga eftir að vinna úr sínum málum og óljóst hver framvindan verður á þeim markaði. Jafnframt er órói á vinnumarkaði sem beinist ekki síst gegn fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Undir svona kringumstæðum er lánavilji fjármálastofnana takmarkaður gagnvart þeim verkefnum líkum þeim er félagið hefur á sínum borðum. Þetta er vissulega bagaleg staða en félagið taldi s.l. haust að nú í mars myndi liggja fyrir eða staða íslensku flugfélaganna sem og ferðaþjónustunnar í heild sinni. Svo er ekki og er t.a.m. staða WOW air mjög óljós þessar vikurnar.

Félagið vinnur áfram að framgangi þessa máls en eins og kom fram á fundi Halldórs Jóhannssonar framkvæmdarstjóra KEA með bæjarstjóra og oddvitum meirihluta bæjarstjórnar þá er félagið í viðræðum við annan mjög öflugan leigutaka sem gæti ef af yrði aukið möguleika á ásættanlegri fjármögnun fyrir verkefnið. Sá aðili – eins og allir í ferðaþjónustu – mun vissulega ekki taka neinar ákvarðanir um leigu á meðan áður nefnd kerfislæga óvissa um flugfélögin er uppi.

Norðurbrú hefur fullan skilning á vilja skipulagsyfirvalda til þess að verkefnið klárast og svæðið verði fullbyggt. Engu að síður er ekki hægt að horfa framhjá því að þegar staðan er með þessum hætti, þ.e. hún tengist ekki þessu einstaka félagi og verkefni þess heldur utanaðkomandi þáttum sem snerta alla í starfsgeininni, að þá er fátt sem félagið getur gert annað en að bíða og vona að óvissu af atvinnugreininni létti sem fyrst. Í þessu samhengi er rétt að benda á að stærsta hótélkeðja landsins er með öll áform og byggingu hótels á svokölluðum Sjallareit í biðstöðu.

Félagið hefur eytt miklum tíma, vinnu og fjármunum í þetta verkefni. Félagið hefur engan áhuga á því að liggja með óvaxtaberandi fjárbindingu í verkefninu að óþörfu og vinnur hörðum höndum að því að áform þess verði að veruleika.

Með tilliti til framangreinds óskar félagið eftir framlengingu framkvæmdarfrests til 1. maí næstkomandi með þeirri von að þá verði búið að sjá í gegnum helstu kerfislæga óvissu atvinnugreinarinnar sem og samningar við leigutaka liggi þá fyrir.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading "Sveinn Geseirsson". The signature is written in a cursive, flowing style.

F.h Norðurbrúar ehf.